

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar
vegna Dílatanga og Borgarvogs, Borgarnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 1. júlí 2021 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. júní 2021.

Í breytingunni felst breytt afmörkun landnotkunarreita og fjölgun íbúða við Dílatanga og Borgarvog í Borgarnesi auk þess sem stígur verður gerður á fyllingu og með brú við Borgarvog sem tengist samgöngustíg meðfram strandlengjunni.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 1. júlí 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2021